

**Kennari:**  
Guðný Pála Rögnvaldsóttir  
Kristrún Una Thoroddsen

**Kennslufyrirkomulag:**  
Verkleg kennsla inn í bekk

**Tímafjöldi:**  
6 kennslustundir

**Bekkur:**  
5. og 6. bekkur

### Leikja- og spilasmiðja

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
I-pad Tækni sjónvarp Spilastokkur Borðspil	Olsen olsen Þjófur Veiðimaður Kahoot Samstæðuspil Púsl Tvenna Yatzi Uno Ýmis borðspil Forrit Kapall	<ul style="list-style-type: none"><li>- Sýnt góða meðhöndlun á spilum</li><li>- Unnið i smærri og stærri hópum</li><li>- Fylgt fyrirmælum</li><li>- Farið eftir leikreglum</li><li>- Tekið virkan þátt í leikjum</li><li>- Tekið virkan þátt í spilum</li><li>- Átt góð samskipti, hlusta, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.</li><li>- Getur unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagstarfi innan skóla.</li><li>- Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.</li><li>- Tekur virkan þátt í kennslustundum.</li><li>- Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.</li><li>- Fer eftir fyrirmælum.</li></ul>	Hópavinna Einstaklingsvinna Sýnikennsla Leiðsögn

		- Sýnir öðrum kurteisi og virðingu.	
<b>Námsmat:</b>	Námsframvinda og hæfni nemenda metin í lok hvers smiðjuhóps.		

## Leikja- og spilasmiðja


Megintilgangur leikja og spila smiðju er að nemendur kynnist ýmsum spilum, tækni og geti tekið þátt í samvinnu inn í bekk. Að nemendur taki virkan þátt í spilum og tækni og læri nýja leiki og spil. Áhersla er lögð á að nemendur læri að meðhöndla spil og tækni sem fer fram í kennslustund. Að þau geta einnig unnið í smáum og stærri hópum og að þau geti fylgt einföldum fyrirmælum og leikreglum.

### Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága